



Framkvæmdaáætlun í barnavernd 2018 - 2021

Efnisyfirlit

1. Skapa barnavernd jákvæða ímynd meðal íbúa með vönduðu starfi, fræðslu og upplýsingum.....	2
2. Efla markvisst þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra með snemmtækri íhlutun.....	3
3. Aukin áhersla á þverfaglega nálgun í vinnslu barnaverndarmála.....	4
4. Innleiða ESTER í starfi barnaverndar.....	4
5. Stuðningsþjónusta.....	4
6. Efla fjölskylduna með markvissum stuðningi við foreldra í uppeldishlutverki þeirra.....	5
7. Efla og styrkja úrræði sem stuðla að velferð og vellíðan allra barna.....	5
8. Fræðsla aðila sem vinna að málefnum barna.....	6
9. Aukin vitund þeirra, sem starfa með börnum í frítíma þeirra um barnavernd.....	7
10. Fjölmennig.....	7
11. Frístunda og félagsstarf.....	8

Í 1. mgr. 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 með síðari breytingum segir:

Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send velferðarráðherra og Barnaverndarstofu.

Norðurþing vill stuðla enn frekar að öryggi og velferð barna og skapa fjölskylduvænt samfélag með gerð þessarar áætlunar. Markmið stefnunnar er að ná breiðri samstöðu og samvinnu í sveitarfélaginu og við önnur sveitarfélög varðandi árangursríka barna- og fjölskylduvernd. Lögð er áhersla á að byggja þær aðferðir og þau úrræði sem unnið er eftir í sveitarfélaginu á fræðilegum grunni og sýnt hafa góðan árangur. Markmiðið er að fækka alvarlegum barnaverndarmálum og móta leiðir til að hægt sé að bregðast við strax og velferð barna er í hættu. Framkvæmdaáætlunin á fyrst og fremst að verða leiðarvísir fyrir alla þá sem starfa að barnaverndar- og forvarnarverkefnum auk þess að vera stefnumarkandi fyrir stjórnendur.

„Börn eiga rétt á vernd og umönnun“ (barnaverndarlög, 2002). Barnavernd felst í því að tryggja börnum þennan rétt og eru barnaverndarlögin skýr varðandi hlutverk sveitarfélaga. Erfitt er að skilgreina barnavernd án þess að taka tillit til hagsmuna og spyrja í þágu hverra sé unnið. Það er skýrt markmið barnaverndarlaga að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Ávallt sé leitast við að tala við börn og fá þeirra sjónarmið og upplýsingar um þeirra líðan. Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum er varða þau og að tekið sé tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska.



1. Skapa barnavernd jákvæða ímynd meðal íbúa með vönduðu starfi, fræðslu og upplýsingum.

Mikilvægt er að efla skilning sveitarfélaga á mikilvægi barnaverndar, að öllum verði ljóst hvernig tekið verður á málum þegar þess gerist þörf. Fræðsla um barnavernd og forvarnir verði stöðugt í boði fyrir foreldra og starfsfólk í öllum stofnunum sveitarfélagsins og kynningar verði á barnavernd í skólum, leikskólum, heilsugæslu, lögreglu og íþróttafélögum og þeim sem bjóða uppá skipulagða starfsemi fyrir börn og unglunga. Upplýsingar um starfsemi barnaverndar verði gerðar aðgengilegri á vef sveitarfélagsins og einnig verði jákvæðar fréttir úr barnavernd reglulega látnar fjölmiðlum í té.

Ábyrgðaraðilar: Sviðsstjórar fjölskylduráðs.

Áætlaður kostnaður: hluti af áætlun rekstri stofnana.

Aðgerðaráætlun:

- Fundir reglulega í skólum og leikskólum sveitarfélagsins.
- Fyrirlestrar séu í boði fyrir alla íbúa sveitarfélagsins er varðar málefnið.
- Gott aðgengi að félagsþjónustu.

2. Efla markvisst þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra með snemmtækri íhlutun.

Mikilvægt er að samnýta mannauð viðkomandi stofnana sem allra best. Áhersla verði lögð á lausnarmiðaða hugsun og starfs sem næst daglegum vettvangi barnsins.

Keldan er úrræði í snemmtækri íhlutun fyrir fjölskyldur og skóla. Keldan er teymi þar sem fagaðilar sameinast til að veita aðstoð ef upp kemur vandi barns í daglegu umhverfi eða í skóla. Teymið vinnur eftir Herning módelinu sem er danskt. Markmiðið er að tryggja markvissan og snemmtækan stuðning við fjölskyldur þegar þess gerist þörf. En einnig að koma í veg fyrir að mál barna og ungmenna þróist þannig að erfitt og jafnvel ómögulegt sé að takast á við vandann. Með nýju verklagi skapast sterk tenging og virkt samband milli fjölskyldu- og fræðslu- og frístundþjónustu. Mál eru leyst með öflugri og virkari þátttöku starfsmanna við vinnslu mála frá upphafi, fjölbreyttum úrræðum beitt í samstarfi við foreldra, skóla, heilbrigðisþjónustu og effir atvikum aðra þjónustuveitendur. Unnið er eins nálægt barninu og fjölskyldunni og mögulegt er og stuðningur í meira mæli veittur heim.

Foreldrar og skólar geta leitað til teymisins. Foreldrar þekkja barnið best og gegna því mikilvægu hlutverki við að leysa vanda sem tengist barni þeirra. Það er auðveldast að leysa mál ef tekið er höndum saman um það sem fyrst. Alla jafna er leitast við að leysa þann vanda sem tengist barni í daglegu umhverfi þess þar sem



nánustu starfsmenn, t.d. kennarar og aðrir starfsmenn skólans leggjast á eitt um að veita barninu nauðsynlegan stuðning. Ef vandinn kallar á að fleiri komi að málum til að styðja barnið eða fjölskylduna er leitað eftir heimild foreldra til að bera málið upp í teyminu.

Í Keldunni sitja fagaðilar eins og félagsráðgjafar, sálfræðingur, deildarstjóri í málefnum barna, skólahjúkrunarfræðingur og aðrir sérfræðingar eftir eðli hvers máls. Kennari barnsins mun vera með á fundi teymisins og aðstoða við að fylgja máli effir. Teymið mun hafa viðveru í skólunum minnst mánaðarlega og oftast effir þörfum.

Ábyrgðaraðilar: Sviðsstjórar fjölskylduráðs.

Áætlaður kostnaður: Hluti af áætluðum rekstri félags og skólalþjónustu

Aðgerðaráætlun:

- Efla og þróa starf Keldunnar þverfaglega í samvinnu við aðrar þjónustustofnanir.
- Skipulagðir fundir Keldunnar í hverjum mánuði innan skólanna.
- Starfsmenn Keldunnar fá stuðning og fræðslu til að efla starfið enn frekar.

3.

Aukin áhersla á þverfaglega nálgun í vinnslu barnaverndarmála

Mikilvægt er að auka og tryggja skilvirkni í vinnslu mála barnaverndar.

Þverfaglegur grunnur í vinnslu barnaverndarmála er mjög mikilvægur í umræðum, ákvarðanatöku og vinnslu barnaverndarmála svo að sem best verði hugað að þörfum barns. Úrvinnsla og skipulag barnaverndarvinnu verði því með aðkomu þverfaglegs teymis.

Ábyrgðaraðilar: Félagsmálastjóri.

Áætlaður kostnaður: hluti af áætluðum rekstri barnaverndar.

4.

Innleiða ESTER í starfi barnaverndar

Starfsmenn barnaverndar taka þátt í að innleiða ESTER. ESTER er gagnreynt, staðlað mat á áhættu- og verndandi þáttum hjá börnum sem eru með eða eru í hættu að þróa með sér hegðunarvanda. Verkefninu er stýrt af Barnaverndarstofu og unnið í samvinnu við barnaverndarnefndir á landsvísu. Í ESTER er lögð áhersla á gagnreynda áhættu- og verndandi þætti þ.e.a.s. þætti sem rannsóknir hafa sýnt að tengjast áhættuhegðun. Í ESTER er lögð áhersla á mikilvægi þess að taka tillit til bæði áhættu- og verndarþátta við mat á barninu og foreldrum þess og sem hægt er að nota við bæði fyrirbyggjandi inngrip og meðferð.

Ábyrgðaraðilar: Félagsmálastjóri.

Áætlaður kostnaður: hluti af áætluðum rekstri barnaverndar.



Aðgerðaráætlun:

- Starfsmenn barnaverndar fari á námskeið um Ester og notkun Ester.
- Starfsmenn hefji innleiðingu á tímabilinu.

5. Stuðningsþjónusta

Stuðningsþjónustan er sú þjónusta sem veitt er börnum og unglíngum sem hafa verið mál í barnavernd eða eru mál innan Keldunnar. Starfsmenn halda utan um stuðning í formi viðtala og fleira sem hjálpar skjólstæðingum að koma undir sig fótunum. Stuðningsþjónustan er einstaklingsmiðuð og er mikilvægt skref í því að geta gripið fljótt inn í mál. Hins vegar er mikilvægt að þróa og styrkja þennan hluta starfsemi félagsþjónustunnar enn frekar og þannig stuðla að fækkun barnaverndarmála.

Ábyrgðaraðili: Félagsmálastjóri.

Áætlaður kostnaður: hluti af áætluðum rekstri félagsþjónustu.

6. Efla fjölskylduna með markvissum stuðningi við foreldra í uppeldishlutverki þeirra.

Stefnt er að því að efla fyrsta stigs forvarnir í sveitarfélaginu með því að bjóða foreldrum allra barna fræðslu um uppeldisstefnuna jákvæðan aga og aðgengi að fræðsluefni til stuðnings við hana. Fræðslan fer fram í leik- og grunnskóla. Fræðslan er endurgjaldslaus fyrir foreldra.

Ábyrgðaraðilar: Sviðstjórar fjölskylduráðs og fjölskylduráð.

Áætlaður kostnaður: Hluti af áætluðum rekstri stofnana.

Aðgerðaráætlun:

- Fræðslufundur um jákvæðan aga haldinn í upphafi hvers skólaárs
- Uppeldisstefnan kynnt á foreldrafundum og hvernig unnið er með hana í skólum.
- Uppeldisstefnan nýtt við ráðgjöf til foreldra.
- Upplýsingar um stefnuna aðgengilegar á heimasíðum skóla.
- Reglulega veittar upplýsingar um hvernig beita megi einstökum verkfærum Jákvæðs aga.

7. Efla og styrkja úrræði sem stuðla að velferð og vellíðan allra barna.

Gefa þarf öllum börnum færi á að vaxa og dafna innan síns umhverfis svo draga



megi úr vanlíðan og afleiðingum hennar og vinna markvisst að vellíðan allra barna. Mæta þarf börnum með einstaklingsmiðuðum markmiðum og viðurkenndum inngripum.

Stöðugt sé hugað að eflingu samstarfs þeirra aðila sem vinna að málefnum barna. Að samstarf forráðamanna og heimila barna við félagsþjónustu, skólaþjónustu, leik- og grunnskóla, íþrótt- og tómstundafélög, frístundastarf og aðra aðila sem starfa með börnum sé náð og gott. Hugað sé að því að þeir sem starfa með börnum séu vel upplýstir þegar kemur að þörfum barna.

Ábyrgðaraðilar: Sviðsstjórar fjölskylduráðs.

Áætlaður kostnaður: hluti af áætlun rekstri stofnana.

Aðgerðaráætlun:

- Reglulegir fundir nemendaverndarráða skólanna.
- Reglulegir fundir Keldunar.
- Teymisfundir.
- Ráðgjöf og greining félags og skólaþjónustu.
- Fræðsla starfsfólks.
- Námskeið og fræðsla fyrir foreldra.
- Virkar forvarna- og eineltisáætlanir.
- Þverfaglegt samstarf við frjáls félagasamtök (íþróttafélög og aðrir sem bjóða uppá skipulagt frístundastarf).

8.

Fræðsla aðila sem vinna að málefnum barna

Tryggja þarf að starfsfólki sem vinnur að málefnum barna bjóðist fræðsla um fjölbreytileika samfélagsins, frelsi einstaklingsins og forvarnir á grunni almennra mannréttinda.

Mikilvægt er að starfsfólk sem vinnur að málefnum barna miðli sín á milli reynslu sinni og þekkingu.

Stefnt skal að því að unnin sé sí- og endurmenntunaráætlun fyrir fjölskyldusvið.

Ábyrgðaraðilar: Sviðsstjórar fjölskyldusviðs.

Áætlaður kostnaður: Hluti af áætlunum rekstri stofnana.

Aðgerðaráætlun:

- Vinna sí- og endurmenntunaráætlun fræðslusviðs.
- Bjóða upp á jafningjafræðslu starfsmanna.

9.

Aukin vitund þeirra, sem starfa með börnum í frítíma þeirra um barnavernd

Tryggja þarf að þeir sem starfa með börnum í frítíma þeirra hafi kunnáttu til að



tilkynna, vísa áfram og greina vísbendingar sem geta verið barnaverndarmál. Með fræðslu fyrir þessa starfsmenn sveitarfélagsins og félagasamtök er markmiðið að fækka alvarlegum barnaverndarmálum, fá sem fyrst tilkynningar inn til barnaverndar og auka almenna fræðslu um barnavernd.

Leiðbeiningar verði aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins um meðferð barnaverndarmála sem á að gefa skynsamlegar, einfaldar og skýrar reglur fyrir aðila sem starfa með börnum í frítíma þeirra. Þessi fræðsla þarf að koma með markvissum hætti inn til þeirra sem starfa með börnum í íþrótt- og tómstundastarfi og inn í leik- og grunnskóla.

Ábyrgðaraðilar: Sviðstjórar fjölskylduráðs.

Áætlaður kostnaður: Hluti af áætluðum reksti stofnana.

Aðgerðaráætlun:

- Sviðstjórar haldi utan um að starfsmenn fái þá fræðslu sem þeir þarfnast.
- Gott aðgengi að félagsþjónustu.
- Barnavernd bjóði fræðslu til félagasamtaka og annarra sem starfa með börnum á frítíma þeirra.
- Fagmenntað starfsfólk.

10. Fjölmening

Huga þarf sérstaklega að málefnum innflytjenda og barna þeirra. Tryggja þarf að þjónusta sé við hæfi og tryggji að vitneskja sé hjá innflytjendum um réttindi og skyldur þeirra.

Unnin verði fjölmeningarstefna Norðurlþings sem hefur það að markmiði að samræma þjónustu og tryggja börnum og fjölskyldum þeirra góða þjónustu og aðgengi að upplýsingum.

Leik- og grunnskólar skulu vinna móttökuáætlun fyrir börn af erlendum uppruna, börn sem hafa íslensku sem annað mál og hafa ekki kunnáttu í íslensku við komuna í skólann.

Ábyrgðaraðilar: Sviðstjórar fjölskylduráðs.

Áætlaður kostnaður: Hluti af áætluðum reksti stofnana.

Aðgerðaráætlun: Fjölmeningarstefna og móttökuáætlanir leik- og grunnskóla.

11. Frístunda og félagsstarf

Öflugt frístunda og félagsstarf hefur ótvírætt forvarnargildi og eykur félags þroska einstaklingsins.

Sveitarfélagið styður félags og frístundastarf með beinum og óbeinum hætti. Skipulagt og faglegt starf skal unnið í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum.



Félagsmiðstöðvar skulu vera virkir þáttakendur í félagsstarfi á landsvísu.

Ábyrgðaraðilar: Sviðstjórar fjölskylduráðs.

Áætlaður kostnaður: Hluti af áætluðum reksti stofnana.

Aðgerðaráætlun:

- Halda úti öfluggu starfi félagsmiðstöðva með fagmenntuðu starfsfólki.
- Stuðningur við frjáls félagasamtök sem halda úti skipulögðu starfi.
- Virk þátttaka í tilfallandi átaksverkefnum og fræðsluerindum.



Samþykkt í fjölskylduráði þann 29. júní 2020 og staðfest í sveitarstjórn þann 25. ágúst 2020